Brotabrot núlista

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Núlistir er yfirgripsmikið hugtak sem merkir það sem gert er í samtímanum og er afkvæmi hræringa dagsins. Ekki þó í þeim skilningi, að allt sé sett undir einn hatt, sem er einungis skilgreining hagsmunaaðila, heldur skal listsköpun vera í samræmi við umhverfi sitt hverju sinni og spegla tíðarandann. Í þeim tilgangi eru áhrif frá nýjum hræringum að utan jafn sjálfsögð og frá eldri tímaskeiðum, allt eftir því hvert upplag viðkomandi listamanns er og hverju hann vill koma á framfæri.

Fjölbreytni í myndlistarheiminum getur ekki talist glundroði, en þegar áhrifaríkum listpáfum tekst að einoka listheiminn í eiginhagsmunaskyni, telst það miðstýring eins og svo skýr dæmi eru um frá síðustu áratugum. Á sjötta áratugnum varð mikil uppstokkun í listheiminum með tilkomu poppsins svonefnda í myndlistinni. Skyndilega var sjálft neyzluþjóðfélagið orðið að viðurkenndri staðreynd í skapandi listum, svo og allur vettvangur ofnægtaþjóðfélagsins, allt frá skrautlegum raflýsingum og raflýsingaskiltum og til fátæklegra hluta, „moyens pauvres“, sem það skilar frá sér.

Og að sjálfsögðu kom þessi list aðallega frá Bandaríkjunum, ofgnóttarþjóðfélagi jarðarinnar númer eitt, þótt anga hennar megi einnig rekja til Englands, en það liðu ár, þangað til hún festi rætur í Evrópu. Listamenn í Bandaríkjunum komu auga á það, að helstu einkenni þjóðarinnar mátti umforma í list. Þeir sáu fegurðina í íburðinum jafnt og afgangshlutum og rusli, en þó voru þetta einungis hlutir, sem menn höfðu gert sér ljósa um árþúsundir, t.d. sér næmt auga fegurðina í litbrigðum rotnandi hluta, sem bragðlaukunum er andstyggð.

En að umforma þetta í list hafði fáum dottið í hug fram að þessu, hvað þá að athöfnin yrði að fjöldahreyfingu og síðar að viðurkenndri list. Pop-listin olli gríðarlegum hræringum í myndlistaheiminum og skyndilega var svo ótalmargt leyfilegt, sem áður var jafnvel jafnað við erfðasyndina, menn settir út af sakramentinu og útskúfaðir.

Þegar pop-listin kom fram, var hún sem hnefahögg framan í fyrri gildi og alla miðstýringu, og viðbrögðin voru eftir því, og vafalítið hvergi harðari en í miðstöð heimslistarinnar fram að þessu, Parísarborg.

Það var mjög skiljanlegt í ljósi aldagamallar franskrar arfleifðar og evrópskrar hefðar í myndlist, sem t.d. Bandaríkjamenn höfðu ekki og voru fram að því þiggjendur. Svo hafði neyzluþjóðfélagið í sinni algjörustu mynd ekki ennþá náð til Evrópu, þannig að forsendurnar voru aðrar. En það var nú einmitt á leiðinni og með því óx trúlega í og með skilningurinn á hinni nýju list.

Ég hafði þegar árið 1960 orðið var við ýmislegt dularfullt, sem bar þó í sér kímið af því, sem koma skyldi og staðfesti, að í Evrópu voru menn einnig að þreifa fyrir sér. Grísk skólasystir mín við listaháskólann í München af efnuðu fólki, sem jafnan kom akandi í dýrustu gerð af Mercedes Benz í skólann, hafði jafnvel meiri áhuga á því að sanka að sér alls konar dóti bak við skólann en að nota sígildari og dýrari efni, en enga mynd sá ég eftir hana úr slíkum tilfallandi hlutum, enda gerði hún ósköp venjulegar myndir, þá sjaldan hún stundaði skólann að ráði.

En í maímánuði árið 1965 upplifði ég í New York uppgang og sigur pop-listarinnar, er þá mátti sjá gott úrval af á MoMA og víðar.

Sumarið 1968 gerði ég mér ferð um þvera Evrópu til að skoða stórsýningar, er þá voru óvenju margar og slóst Einar Hákonarson í för með mér, seldi bílinn sinn til að kosta ferð sína!

Er skemmst frá því að segja, að við upplifðum einmitt uppgang pop-listarinnar í Evrópu og hafði þessi ferð ómæld áhrif á okkur báða. Það var ótrúlega margt nýtt að sjá í Dokumenta í Kassel, Biennalinum í Feneyjum og Triennalinum í Mílanó og á leiðinni út til Íslands var komið við í París og London, en þá ferðuðumst við sitt í hvoru lagi. En kannski var eftirminnilegust heimsókn okkar í Haus der Kunst í München, þar sem þá stóð yfir árleg sýning Münchenlistamanna og sérsýning á safni Ströher-Kraushar. Listasafnarinn Karl Ströher ferðaðist á þeim tíma víða um og keypti af merkilegu hugrekki það, sem honum þótti nútímalegast af því, sem á vegi hans varð. Á árinu hafði hann einmitt fest kaup á öllu safni hins þá nýlátna Kraushar í New York af pop- og op-list, en það var víðfrægt og kostaði Ströher morð fjár. München var fyrsti staðurinn í Evrópu, þar sem safnið var sýnt almenningi. Þannig upplifðum við Einar hlutina ferska, augliti til auglitis, sem er nokkuð annað og áhrifaríkara en að fletta í uppsláttarbókum og tímaritum.

Minntist ég á það í grein er heim kom, að forsíða Morgunblaðsins hafi verið uppistaðan í einu listaverkanna eftir þá, á alþjóðagrundvelli, lítt kunnan listamann Joseph Beuys, prófessor við listaháskólann í Düsseldorf, en ekki gat ég birt mynd af því þrátt fyrir góðan vilja, þar sem ég átti hana einungis á litskyggnu og slíkar myndir var áhættuspil að yfirfæra í svart-hvítt í dagblað á þeim tíma.

Sagði ég frá öllum þessum sýningum í greinaflokki í blaðinu, sem birtist einmitt í ágúst fyrir 21 ári, svo að greinin gæti talist fullveðja í þessum mánuði, ef svo má að orði komast.

Ég hef þannig kynnt það nýjasta í listinni eftir bestu getu á ferli mínum, sem listrýnir blaðsins og umfram allt ef ég hef átt þess kost að standa augliti til auglitis við viðburðina. Treysti hér listtímaritum einungis mátulega vel.

Ég minnist þessa hér vegna þess, að Morgunblaðið var þannig meðal fyrstu blaða í Evrópu til að kynna þessi nýju viðhorf á veglegan hátt, er uppgangur þessarar listar var fyrst að byrja í álfunni og margur áhrifamaðurinn í listheiminum hamaðist á móti, allt hvað hann gat. Kynning núlista frá listasafninu í Epal í Frakklandi hlýtur þannig að vera mér mikið ánægjuefni, en ég vil álíta, að hér séum við Íslendingar um margt upplýstari en aðrar þjóðir, þrátt fyrir að fáar markverðar erlendar sýningar hafi ratað hingað. Hér eru ágrip myndlistarsögu ekki kennd í skólum, illu heilli, en aftur á móti hefur íslenzkur almenningur meiri áhuga á upprunalegum nýjungum í núlistum en fólk almennt ytra, sem hlýtur að merkja það, að listræn kennd sé óvenju rík meðal Íslendinga. Sjálfur var ég furðu lostinn, er ég fyrst kom fram með áhrif frá poplist í verkum mínum á sýningum 1964, '66, '67, og '69, hve móttækilegir landar mínir voru fyrir ýmsum hlutum, sem aldrei höfðu áður sézt í íslenzkri myndlist því að vel þriðjungur verka á þessum sýningum seldist að jafnaði og langmest til almennra borgara. Má vera að það hafi verið vegna þess, að ég reyndi að tengja áhrifin íslenzkum veruleika.

Í ljósi framanskráðs tel ég óþarft að koma fram með margs konar staðreyndir á opinberan vettvang eins og þær hafi aldrei litið dagsins ljós hér áður, því að þá eru menn, eins og Danir segja iðulega, að finna upp heita vatnið!

Hef ég verið að rekast á sitthvað í blöðum hér á síðustu árum, sem ég gerði skil fyrir áratugum, en er sett fram sem algjört nýnæmi og opinberun af viðkomandi!

Eitt vil ég viðurkenna varðandi ýmislegt í pop-list, að það verður hálf leiðigjarnt með tímanum, vegna þess hve gjörsamlega það er þá svipt listrænni tilfinningu, en var hins vegar fjarska skemmtilegt í upphafi og hafði mikla þýðingu í niðurrifi gilda og viðhorfa, sem höfðu þá lifað sig. En það voru aðferðir listamanna til þess að þvinga fólk til að taka nýja afstöðu til hversdagslegra hluta og fyrirbæra. Pop-listin varð m.a. til þess, að margur fann í fyrsta skipti á ævinni til meðfæddrar formkenndar, sem ekki hafði fengið tækifæri til að komast upp á yfirborðið fyrr. Sumir urðu fyrir taugaáfalli en öðrum var það andleg uppljómun, er þeir sáu rafljósaskilti og myndir af súpudósum í yfirstærð á virðulegum listsýningum, sáu þessa hversdagslegu hluti í nýju ljósi. Mér varð það fljótlega ljóst, að hið vélrænasta í poppinu myndi úreldast fyrst enda andstætt mannlegu eðli, sem og einnig hefur komið á daginn, en hinar lífrænni og blóðmeiri myndir standa enn fyrir sínu.

Auðvitað eru margar fleiri stefnur en poppið kynntar á sýningunni að Kjarvalsstöðum, en listastefnan varð einmitt til þess, að hjól fóru að snúast og hér má sjá árangurinn, en að vísu einungis í hnotskurn, því að svo ótal margt vantar.

Það renna þó á mann tvær grímur, er maður uppgötvar, að margt í núlistum er einungis hugmyndafræðilegs eðlis — listamaðurinn hugsar verkið en sendir svo á auglýsingastofu eða verkstæði til útfærslu og allt vegna skorts á kunnáttu í flestum tilvikum. Þá eru ódýrar tæknibrellur á fullu sem og áhrifameðöl ýmiss konar, sem ég kann lítt að meta, og raunar margir nútímamálarar einnig. En þykir fínt og einkum í yfirstærð. Slíkt þykir mörgum ekki í tengslum við rennandi blóð né upprunans æð.

— Það er og áberandi í dag, hve uppsetningar slíkra sýninga þurfa að vera hnitmiðaðar til að verkin komist til skila og að sýningarnar verði áhugaverðar í kynningu, þannig að þær dragi til sín almenning. Hér hafa þeir, sem settu upp sýninguna, haft húsnæðið á móti sér, allt í senn loftið og skort á hreyfanlegum og sveigjanlegum skilrúmum og breytilegri lýsingu, enda njóta sum verkanna sín alls ekki og koparverkið á gólfinu næstum samlagast því.

Að gefa gott og fullnægjandi yfirlit af nútímalist krefst umburðarlyndis og yfirsýnar, sem kemur ekki fram á þessari sýningu, þar sem tækifærið er notað til að gera lítið úr þýska nýbylgjumálverkinu, nákvæmlega á sama hátt og gert var lítið úr listastefnunum á sýningunni, er þær komu fyrst fram. En yfirlýsingar Frakka um, að Þjóðverjar kunni ekki að mála er jafngömul öldinni og hefur einungis skaðað þá sjálfa. Einna hörðust var og einnig andstaðan gegn poppinu í Frakklandi, þegar það kom fyrst fram, en þegar það seint um síður var viðurkennt, lyfti það m.a. Erró verðskuldað á stall. En það er líka alveg víst, að meðal listamannanna og forsvarsmanna þeirra er fólk, sem alls enga tilfinningu hefur fyrir málverki í sjálfu sér, og skilur það hvorki né upplifir frekar en blint fólk, en leitast við að ýta því út úr myndinni til hags fyrir ýmiss konar orðaleiki og uppákomur. Ég er þó á því að nálgast skuli flest atriði sjónrænna lista með forvitni og opnum huga, en varast að fordæma, því að þá fetar maður einmitt í spor þeirra, sem maður er að saka um skilningsleysi, þröngsýni og fordóma. Það sem ég rek mig helzt á í sambandi við þessa sýningu er, hve margt er þar til sýnis, sem við hér, a.m.k. þeir upplýstari, gjörþekkjum og höfum lengi gert og hve takmörkuð og stuttarleg kynningin er.

Það er þannig ekki nóg, að sýning sé nútímaleg, til að Íslendingar láti hrífast — hún þarf einnig að vera fersk og gædd safa og vaxtarmögnum. Í ljósi þess er misvísandi að leggja áherzlu á það sem var nýtt fyrir aldarfjórðungi eða svo — t.d. súpudósir Andy Warhols.

Þá er hún á alröngum tíma þar sem skólarnir eru allir lokaðir, en hún á nú einmitt erindi til unga fólksins.

Og eins og á sýningunni á uppstillingum Kjarvals þá saknaði ég nafnaskrár á milli handanna og að myndirnar væru kyrfilega númeraðar. Verkin verða ekki nógu aðgengileg, er sýningargestirnir þurfa að leita að miðum á veggjunum til að fá upplýsingar um höfunda þeirra og eins hefði sýningarskrá með fróðlegum upplýsingum haft mikið gildi, — mér skilst einmitt að undirbúningstíminn hafi verið nógur.

Þetta tel ég brotalöm jafnvel þótt slíkt kunni að tíðkast sums staðar í útlandinu. Ergir mann alltaf jafn mikið.

En að sjálfsögðu þakkar maður fyrir sig. Og þá einkum fyrir ferskari verkin.

ALÞJÓÐLEG NÚTÍMALIST



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
KJARVALSSTAÐIR
22. JÚLÍ– 20. ÁGÚST 1989

Norræna húsið:

Átta konur sýna steind glerverk


ÁTTA konur frá Bandaríkjunum og Evrópu opna sýningu á steindum glerverkum í kaffistofu Norræna hússins í Reykjavík í dag kl. 18. Listakonurnar eru Maud Cotter frá Írlandi, Waltraud Hackenberg og Helga Ray-Young frá Vestur-Þýskalandi, Amber Hiscott og Catrin Jones frá Wales, Linda Lichtman og Ellen Mandelbaum frá Bandaríkjunum og Sigríður Ásgeirsdóttir frá Íslandi.

Sýningin í Norræna húsinu stendur í rúma viku frá 12.-21. ágúst.

Í Kavelaer í Vestur-Þýskalandi fór fram alþjóðlegt námskeið 16 listamanna sem vinna í steint gler árið 1984. Þar myndaðist kjarni listakvenna sem síðan hafa haft öflugt samband sín á milli. Haldnar hafa verið sýningar og þar á meðal er sýningin „Internationales Flachglas, 36 Frauen aus 12 Ländern“ sem opnaði í Bremen í Vestur-Þýskalandi 1. maí 1988 og ferðast hefur um Þýskaland til Kölnar, Immenhausen og Düsseldorf; til Chartres í Frakklandi og er nú í Vestur-Berlín.

Í fyrra ákvað kjarni hópsins að hittast á Íslandi í ágúst 1989. Tilgangur stefnumótsins er að efla menningarleg samskipti, ræða málefni listgreinarinnar, nýja strauma og stefnur, tæknileg atriði í vinnubrögðum og aðferðum, gera listaverk og kynnast Íslandi. Hver þátttakandi kemur með tvö listaverk í handfarangrinum og er það sýningin í kaffistofu Norræna hússins dagana 12.-21. ágúst.

Blaðberar óskast



Símar 35408 og 83033

AUSTURBÆR
Kleifarvegur
MIÐBÆR
Lindargata 39–63 o.fl.

Morgunblaðið

Fróðleikur og skemmtun fyrir háa sem lága!
Morgunblaðið